

Góðan daginn

Hér að neðan kemur umsögn Farfugla ses um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), 468. mál.

Í fyrrgreindu frumvarpi er boðuð breyting á lögum um gistináttaskatt, nr. 87/2011.

Í boðuðu frumvarpi á að leggja gistináttaskatt á hvern dvalargest en ekki á hverja gistináttaeiningu líkt og áður hefur verið.

Í boðum breytingum er ekki gerður greinamunur á gistingunni, það ber öllum að greiða sama gjald, hvort sem dvalargestur gistir í svítu á fimm stjörnu hóteli, á farfuglaheimili eða á tjaldsvæði.

## Farfuglar

Farfuglar ses. er sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur. Tilgangur félagsins er að stuðla að ferðalögum sem auka þekkingu fólks á umhverfinu, umhyggju fyrir náttúrunni og virðingu fyrir menningarlegu gildi borga og bæja í öllum heimshlutum.

Félagið rekur eigin farfuglaheimili í Reykjavík og styður einnig við rekstur annarra farfuglaheimila á Íslandi.

## Ódýr gisting greiðir margfalt í gistináttaskatt miðað við dýrari gististaði

Farfuglar bjóða upp á einn af ódýrari gistikostum sem kostur er á í dag, það er gisting á Farfuglaheimilum og tjaldsvæðum um allt land.

Boðuð krónutöluhækkun mun þýða að farfuglaheimili og tjaldsvæði munu greiða hlutfallslega margfalt á við hótél eða dýrari gistingu.

- Hlutfallslega gæti áætluð breyting orðið 5 til 10% af seldri gistingu, samanborið við 1 til 2% prósent hjá annarri gistingu, líkt og á hótelum.
- Helsta samkeppni Farfugla er **heimagisting (t.d. í gegnum Airbnb)** sem greiðir ekkert í gistináttaskatt. Það þýðir að heimagistingin er hygluð af stjórnvöldum á kostnað annarrar gistingar og heimila landsmanna.

Skilaboð stjórnvalda er því að ýta ferðamönnum í heimagistingu með þeim hætti að fjölda íbúða verður fyrst og fremst nýtt í skammtímaleigu í stað íbúðahúsnæðis.

Á meðan það er skortur á íbúðarhúsnæði fyrir venjulegt fólk þá vilja stjórnvöld með aðgerðum sínum beina ferðamönnum í venjulegt íbúðarhúsnæði. Það skýtur skökku við.

- Fyrir Farfugla skiptir öllu máli að ef áætlaðar breytingar á gistináttaskatti ná í gegn að þeir einstaklingar sem eru yngri en 18 ára greiði **ekki** skattinn.
- Sú breyting að fara yfir í skatt á hvern einstakling, fremur en á gistináttaeiningu, hefur mun meiri áhrif á rekstur Farfugla, en meginþorra gistireksturs á Íslandi.

Stór hluti herbergja á Farfuglaheimilum eru fyrir 4 til 8 einstaklinga, á meðan dýrari gistingar eru yfirleitt ekki með fleiri en 2 einstaklinga.

Stór hluti gistieininga á tjaldsvæðum eru með fleiri en tvo einstaklinga.

Þessi breyting hefur því för með sér margföld áhrif á Farfugla, samanborið við hótलगistingu sem þó er, eðlilega, ósátt með sína rúmlega tvöföldun.

Þetta eru það mikil áhrif á rekstur Farfugla og sambærilegrar gistingar að áætlaðar breytingar gætu orðið til þess að félagið standi einfaldlega ekki undir sér.

Í núverandi vaxtaumhverfi og með hárrí verðbólgu í öllum helstu viðskiptalöndum, er lággjaldagisting á viðráðanlegu verði (e. Budget accommodation) í mestri hættu.

- Með áætluðum breytingum kemur fram skýr vilji stjórnvalda að letja uppbyggingu gistingar á farfuglaheimilum og hvetja til frekari heimagistingar.

Stjórnvöld vilja greinilega gera allt fyrir heimagistingu en ekkert fyrir ódýrari gistingu líkt og farfuglaheimili og tjaldsvæði.

Sem gerir það að verkum að einstaklingar á tjaldsvæði greiði hlutfallslega hátt af sinni gistingu í skatt en ekki í gistinguna sjálfa.

Þó vissulega sé það þannig að einstaklingurinn greiðir viðkomandi skatt, þá er það þannig að viðkvæmni fyrir verðbreytingum eru mestar hjá ódýrari gistingu og því til viðbótar er sú hækkun hlutfallslega langmest.

Þannig mun þessi skattur verða til þess að minnka eftirspurn eftir ódýrari gistingu.

Þegar lög um gistináttaskatt voru samþykkt þá voru rökun fyrir því að einstaklingar sem myndu gista á tjaldsvæðum ættu að greiða skattinn væru nær náttúrunni sem átti að byggja upp með gistináttaskattinum - sbr. 1. gr. laga um gistináttaskatt.

Í dag eiga þau rök ekki lengur við enda fer gistináttaskatturinn beint í ríkissjóð en ekki einstök verkefni.

### **Farfuglar vilja koma með eftirfarandi tillögur**

- Farfuglar vilja leggja til að stjórnvöld felli gistináttaskattinn niður.
- Farfuglar leggja til að stjórnvöld setji frekari hömlur á heimagistingu, líkt og fram kemur í fyrstu drögum að aðgerðum í aðgerðaráætlun ferðamálastefnu 2030.
- Ef stjórnvöld vilja ekki fella niður gistináttaskattinn þá að hann haldist óbreyttur, þ.e. 300 kr. á gistieiningu - enda er fyrirvarinn á áætluðum breytingum enginn.
- Seinka gildistöku breytinga um gistináttaskatt til 1. september 2024 enda er búið að auglýsa og selja gistingu langt inní næsta ár, sem er í reynd næsti mánuður.
- Ef stjórnvöld vilja áfram miða við dvalargest þá vilja Farfuglar að það verði sér reglur eftir því í hvaða flokk gisting fellur, þ.e. að ódýrari gististaða líkt og farfuglaheimili og tjaldstæði og stæði fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi greiði lægri gjald en t.d. dýrari gisting. Þannig að upphæð gistináttaskatts taki mið af verði fyrir hvert pláss.
- Stjórnvöld verða að setja ákvæði í lög um gistináttaskatt sem tryggir að það sé í reynd gesturinn sjálfur sem greiði skattinn en ekki gististaðurinn líkt og er í tilfelli svokallaðs borgarskatts (e. city tax). Farfuglar kalla eftir lagasetningu sem tekur af allan vafa um það.

Fyrir hönd Farfugla ses.,  
Oddvar Haukur Árnason